

Mánudagur 1. júlí 2002

185. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 23/2002

**Kvörtun Halló! – Frjálsra fjarskipta ehf. vegna misnotkunar
Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu**

**I.
Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Eyvindi Sólnes hdl. fyrir hönd Halló! – Frjálsra fjarskipta ehf. (hér eftir Halló!) með bréfi, dags. 12. október 2001. Í erindinu kemur fram að Landssími Íslands hf. (hér eftir Landssíminn) hafi sent öllum viðskiptavinum Halló! bréf til þess að minna á þjónustu Landssímans. Stór hluti þeirra hafi verið í viðskiptum við Halló! mánuðum saman og hafi fengið tilkynningu á sínum tíma um að þeir væru orðnir viðskiptavinir Halló!, sbr. verklagsreglur Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. þeirra reglna er þjónustuveitanda, í þessu tilviki Halló!, skylt að tilkynna rekstrarleyfishafa grunnkerfisins (Landssímanum) ákvörðun viðskiptavinar um fast forval. Þannig hafi Landssíminn upplýsingar um alla þá símnotendur sem ákveða að beina viðskiptum sínum til Halló! Á grundvelli þessara upplýsinga geti fyrirtækið sent bréf og hringt til viðskiptavina Halló! Telur Halló! að það sé óeðlilegt að Landssíminn geti notfært sér þessar upplýsingar með þessum hætti og krefst þess að fyrirtækinu verði gert óheimilt að nýta sér upplýsingar um viðskiptavini Halló! Í erindi Halló! kemur jafnframt fram að þeir sem aðeins nýta sér þjónustu fyrirtækisins fyrir símtöl til útlanda og aðrir, sem ekki eru viðskiptavinir Halló! hafi einnig fengið bréf frá Landssímanum. Þessir aðilar hafi nú beint kvörtunum sínum til Halló! þar sem þeir halda að þeir hafi verið tengdir Halló! án þess að hafa beðið um það. Til þess að kanna hvaða aðilar hafi verið tengdir og hverjir ekki hafi Halló! óskað eftir lista yfir viðskiptavini fyrirtækisins frá Landssímanum sem tengdir eru í grunnkerfið. Landssíminn hafi hins vegar neitað að afhenda þennan lista. Óskar því Halló! eftir því að fyrirtækinu verði gert að afhenda Halló! listann. Halló! telur að kerfisbundnar hringingar og bréfasendingar Símans til viðskiptavina Halló! stríði gegn samkeppnislögum og að brotið sé sérstaklega alvarlegt með tilliti til markaðsráðandi stöðu Landssímans. Óskar Halló! eftir því að Landssímanum verði gert að hætta símhringingum og bréfasendingum til viðskiptavina Halló! meðan á rannsókn málsins stendur.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Halló! var sent Landssímanum til umsagnar með bréfi, dags. 25. október 2001. Svar fyrirtækisins barst með bréfi, dags. 7. nóvember 2001. Í umsögn Landssímans kemur fram sú skoðun að einföld tilvísun kvartenda í 20. gr. samkeppnislaga færi málið ekki undir valdsvið Samkeppnisstofnunar. Jafnframt kemur fram í umsögn Landssímans að fyrirtækið telji að málið heyri undir annað stjórnvald. Kvörtun Halló! hafi einnig verið send Póst- og fjarskiptastofnun og muni Landssíminn veita umsögn um þá kvörtun, verði þess óskað. Þessu til stuðnings er vísað til 4. gr. a. og b. leiðbeinandi reglna Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar nr. 265/2001. Í þeim komi fram að mál varðandi fjarskiptalög og reglugerðir settar með stoð í þeim, ásamt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja, verði meðhöndluð af Póst- og fjarskiptastofnun. Auk þessa hafi samkeppnisyfirvöld talið, að þegar löggjafinn hafi sett reglur um með hvaða hætti tiltekin viðskipti skuli fara fram þá sé það eðli málsins samkvæmt ekki lengur hlutverk samkeppnisyfirvalda að meta á grundvelli 20. gr. hvort þá viðskiptahætti beri að fordæma eða viðurkenna. Vísað er í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001¹ og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2001² þessu til stuðnings.

2.

Með bréfi frá Póst- og fjarskiptastofnun, dags. 24. október 2001, var erindi Halló! til Póst- og fjarskiptastofnunar framsent Samkeppnisstofnun með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.³

3.

Samkeppnisstofnun barst símbref frá Halló!, 22. nóvember 2001. Í bréfinu óskar Halló! eftir því að Samkeppnisstofnun taki bráðabirgðaúrskurð vegna: „*ólöglegra samkeppnishátta Landssíma Íslands hf.*“ Í bréfinu kemur fram að brýnt sé að tekið verði á málinu strax þar sem um alvarleg brot á samkeppnislögum sé að ræða. Hin meintu brot Landssímans eru talin upp og m.a. talin vera markvissar bréfasendingar og úthringingar í viðskiptavini Halló! í þeim tilgangi að fá þá aftir í viðskipti við Landssímann. Í lok bréfsins er farið fram á að Samkeppnisstofnun stöðvi úthringingar og bréfasendingar Landssímans til viðskiptavina Halló! meðan á rannsókn málsins stendur og þar til endanlegur úrskurður liggur fyrir varðandi öll þau mál sem tiltekin

¹ Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 7/2001 *Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og Línu.Nets hf. um svokallað skólanet.*

² Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/2001 *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði.*

³ Í 2. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga segir: „*Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.*“

hafa verið. Með bréfi Halló! fylgdu fjögur mismunandi bréf Landssímans vil viðskiptavina Halló! auk annarra gagna.

4.

Ósk Halló! um bráðabirgðaúrskurð var boðsend Landssímanum þann 23. nóvember 2001. Umsögn Landssímans barst með bréfi, dags. 29. nóvember 2001. Í umsögn Landssímans er ítrekað það sjónarmið að umkvörtunarefni Halló! eigi undir annað stjórnvald. Varðandi ósk kvartanda um bráðabirgðaúrskurð þá telur Landssíminn að vísa eigi þeirri kröfu frá þar sem ekkert í málatilbúnaði Halló! renni stoðum undir að ríkir hagsmunir spillist við að bíða endanlegrar ákvörðunar samkeppnisráðs. Kröfugerð kvartanda sé óljós. Jafnframt kemur fram að meginreglan samkvæmt samkeppnislögum sé sú að samkeppnisráð taki ákvarðanir og þröng skilyrði séu sett fyrir því að Samkeppnisstofnun geti tekið bráðabirgðaákvörðun. Þessi skilyrði hafi ekki verið uppfyllt. Í bréfinu kemur einnig fram að Landssíminn hafi sent viðskiptamönnun, sem ákveðið hafi að skipta við önnur fjarskiptafyrirtæki bréf þar sem þeim eru þökkuð viðskiptin. Auk þessa hafi það aðeins verið gert með neytendavernd í huga að benda á af hverju símareikningur muni áfram berast frá Landssímanum vegna fastagjaldsins. Upplýsingar um viðskiptavini Halló! séu fengnar úr reikningagerðarkerfi fyrirtækisins, sem sé í raun viðskiptamannaskrá Landssímans. Upplýsingarnar sem fyrirtækið byggir á séu þannig eigin upplýsingar en ekki sé verið að misbeita upplýsingum um viðskiptavini Halló! Á grundvelli þessara upplýsinga hafi Landssíminn farið í beina markaðssókn. Vinnureglan hafi verið sú að slík markaðssókn hefjist ekki að jafnaði fyrr en að liðnum a.m.k. sex mánuðum frá því að viðskiptamaður er skráður úr viðskiptum við Landssímann. Í bréfi fyrirtækisins er jafnframt mótmælt því sem fram kemur í bréfi Halló! um að þjónustufulltrúar/sölumenn Landssímans fari með rangt mál þegar þeir hringja í viðskiptavini Halló!

5.

Samkeppnisstofnun tók bráðabirgðaákvörðun í máli þessu þann 17. desember 2001.⁴ Í ákvörðuninni var talið að yfirgnæfandi líkur væru til þess að í markaðsaðgerðum Landssímans fælist brot fyrirtækisins gegn 11. gr. samkeppnislaga. Með heimild í 17. gr. var Landssímanum bannað að nota upplýsingar um viðskiptavini Halló! sem fyrirtækið hefur sem rekstraraðili grunnnetsins til beinnar og sértækrar markaðssóknar meðan á rannsókn málsins stæði.

6.

Skömmu eftir að Samkeppnisstofnun hafði tekið bráðabirgðaákvörðun í málinu leitaði Landssíminn til stofnunarinnar og óskaði eftir viðræðum með það að markmiði að sátt næðist í málinu. Í framhaldi af þessu funduðu starfsmenn Samkeppnisstofnunar með

⁴ Bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/2001.

fulltrúum málsaðila þar sem gagnkvæmur vilji þeirra til sáttar var staðfestur. Með bréfi, dags. 10. apríl 2002, var aðilum veittur frestur til 24. apríl s.á. til að tilkynna Samkeppnisstofnun um niðurstöðu viðræðna. Með tölvupósti, dags. 24. apríl 2002, tilkynntu aðilar að sátt hefði náðst milli þeirra. Þann 24. júní s.á. barst Samkeppnisstofnun afrit af undirrituðu samkomulagi Halló! og Landssímans, dags. 20. júní 2002.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 1. júlí 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygering, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Ragnheiður Bragadóttir og Tryggvi Axelsson.

1.

Í máli þessu hefur Halló! m.a. kvartað yfir villandi auglýsingaherferð Landssímans. Um þann hluta kvörtunarinnar verður fjallað í sérstöku máli. Halló! kvartar aðallega yfir þeirri háttsemi Landssímans að nýta sér upplýsingar sem fyrirtækið hefur, sem rekstraraðili grunnnetsins á Íslandi, til þess að hringja beint til viðskiptavina Halló! og hvetja þá til að koma aftur í viðskipti við fyrirtækið. Halló! telur að slíkar aðgerðir séu misnotkun á markaðsráðandi stöðu og falli því undir 11. gr. samkeppnislaga. Með bráðabirgðaúrskurði nr. 1/2001 lýsti Samkeppnisstofnun þeirri skoðun sinni að líklegt væri að Landssíminn hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga.

2.

Skilgreining markaðarins

Aðilar málsins hafa undir rekstri málsins ekki lagt fram sérstaka markaðsskilgreiningu. Til þess að leggja mat á mál þetta telur samkeppnisráð nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem um ræðir. Ráðið hefur vegna annarra mála á fjarskiptamörkuðum þurft að skilgreina þá markaði og verður vísað til þeirra þar sem það á við. Jafnframt verður vísað til útboðs- og skráningarlýsingar vegna sölu Landssímans frá því í september 2001 (hér eftir útboðslýsing Landssímans).

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngupjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

2.1. Þjónustumarkaðurinn

Í málum hjá samkeppnisyfirlöndum sem varða fjarskiptafyrirtæki er almennt talið að til sé einn heildarfjarskiptamarkaður sem svo greinist í fleiri undirmarkaði. Sú

þjónusta eða undirmarkaður sem almennt um ræðir í máli þessu er að veita viðskiptavinum almenna talsímaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki geta veitt talsímaþjónustu með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er hægt að bjóða upp á talsímaþjónustu þegar fyrirtæki á og rekur grunnnet til slíkra fjarskipta. Hér á landi er aðeins um að ræða eitt fyrirtæki, Landssímann, sem á og rekur slíkt grunnnet.⁵ Í þeim tilvikum sem viðskiptavinir kaupa þjónustu af Landssímanum innheimtir hann bæði fastagjald og notkunargjald. Í öðru lagi getur fyrirtæki veitt talsímaþjónustu í forvali. Forval byggir á því að viðskiptavinur geti nýtt sér talsímaþjónustu annars þjónustuveitanda, en þess sem rekur grunnnetið, til þess að hringja. Þannig má segja að þjónustuveitandi kaupi talsímaþjónustu af Símanum í heildsölu og selji hana svo í smásölu til símnotandans. Símnotandi getur nýtt sér forval með tvennum hætti. Í fyrsta lagi getur hann nýtt sér þjónustuna með almennum hætti þannig að hann velur ákveðið númer áður en hann velur símanúmerið sem hann vill hringja í. Þannig er símtali hans, í því ákveðna tilviki, beint til símstöðvar þjónustuveitandans sem hann óskar að tengjast um. Þjónustuveitandi selur þannig símnotanda talsímaþjónustu í smásölu í þessu tilviki og innheimtir fyrir hana. Í öðru lagi er um að ræða fast forval. Símnotandi getur nýtt sér þessa þjónustu þannig að hann skráir sig hjá þeim þjónustuveitanda sem hann óskar að eiga almennt viðskipti við. Getur viðskiptavinurinn valið hvort hann vilji nýta sér þjónustuna bara fyrir innanlandssímtöl, aðeins fyrir símtöl til útlanda eða hvort tveggja. Þjónustuveitandinn tilkynnir Landssímanum um ósk viðskiptavinarins. Landssíminn gerir svo nauðsynlegar ráðstafanir til þess að símtöl viðskiptavinarins fari ávallt um símstöð þjónustuveitandans samkvæmt óskum þess fyrrnefnda. Þegar viðskiptavinur nýtir sér forval, hvort sem er með almennum hætti eða í föstu forvali, innheimtir Landssíminn fastagjald en þjónustuveitandi innheimtir fyrir notkun. Í dag bjóða Íslandssími hf. og Halló! upp á forval bæði fyrir símtöl til útlanda og innanlands en Tal hf. og Lína.Net ehf. bjóða upp á forval til útlanda. Í þriðja lagi er um að ræða leigu á heimtaugum. Samkvæmt 15. lið 3. gr. nr. 107/1999 um fjarskipti með síðari breytingum (hér eftir fjarskiptalög)⁶ er heimtaug:

„Tenging frá tengigrind símstöðvar í almennu fjarskiptaneti að þeim búnaði sem gefur aðgang að innanhússlögn áskrifanda.“

Með öðrum orðum er um að ræða þær koparlínur sem liggja frá götuskáp/símstöð til einstakra notenda. Heimtaugaleiga felur í sér að þjónustuveitandi hefur rétt á að leigja heimtaugar til einstakra viðskiptavina sinna af eiganda grunnnetsins. Hann hefur jafnframt rétt á að koma eigin búnaði fyrir í símstöð Landssímans og tengja eigin viðskiptavini við hann. Þegar þjónustufyrirtæki hefur tekið heimtaug á leigu

⁵ Hér eftir verður vísað til Landssímans sem rekstraraðila grunnnetsins.

⁶ Með lögum nr. 145/2001 var gerð sú breyting á fjarskiptalögum að 20. gr. hennar var útfærð betur. Nú eiga fjarskiptafyrirtæki greiðari aðgang að leigu heimtauga af rekstaraleyfishafa (Landssímanum). Jafnframt var lögfest að samgönguráðherra eigi að setja reglugerð sem felur í sér reglugerð EB nr. 2887/2000 um opinn aðgang að heimtaugum. Þannig gilda sömu reglur hér á landi um leigu á heimtaugum og í löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

innheimtir það bæði fastagjald og fyrir notkun. Sem eigandi grunnnetsins er Landssíminn eina fyrirtækið sem leigt getur út heimtaugar. Heimtaugaleiga hefur nú nýlega hafist samkæmt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fjarskiptalögum.

Samkeppnisráð telur í þessu tilviki að almennt sé ekki unnt að skipta talsímamörkuðum upp eftir því hvaða tækni er beitt. Byggist þessi skoðun meðal annars á því að símnotandinn finnur engan mun á þjónustunni eftir því hvaða tækni er beitt. Í öllum tilvikum notar hann sama símtæki, sömu símanúmer og sömu tengingar. Fyrir símnotanda er auðvelt að skipta um þjónustuveitanda. Samkeppnisráð telur þannig að almennt sé um einn markað fyrir talsímaþjónustu að ræða frá sjónarhóli neytandans sem aðskilinn er frá farsímamarkaði og frá markaði fyrir veitingu alhliða gagnaflutningsþjónustu. Þessi niðurstaða er í samræmi við aðrar ákvarðanir samkeppnisráðs.⁷ Aðilar málsins hafa í áður nefndri sátt skilgreint markaðinn sem talsímaþjónustu fyrir einstaklinga. Aðilar hafa þannig skipt markaði fyrir almenna talsímaþjónustu í markað fyrir talsímaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrir fyrirtæki. Samkeppnisráð telur ekki þörf á því í þessu máli að taka afstöðu til þess hvort slík skipting eigi við en gerir ekki athugasemdir við sátt aðila að þessu leyti.

2.2. Landfræðilegi markaðurinn

Landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Í fjarskiptum má segja að landfræðilegi markaðurinn sé þar sem viðkomandi fyrirtæki geta veitt þjónustu sína.⁸ Að mati samkeppnisráðs er landfræðilegi markaðurinn í þessu máli allt Ísland. Þau fyrirtæki sem hér um ræðir veita talsímaþjónustu á landinu öllu og telst því markaðurinn afmarkast við landið allt.

3.

Aðilar á markaði og staða þeirra

Samkvæmt ofansögðu er markaðurinn í máli þessu markaðurinn fyrir talsímaþjónustu fyrir einstaklinga á Íslandi og undirmarkaðir hans, talsímaþjónusta innanlands og til

⁷ Sjá t.d. ákvörðun nr. 21/1998 *Breiðband Landssíma Íslands*, nr. 17/1999 *Erindi Tals hf. um verðlagningu á GSM-þjónustu Landssíma Íslands hf.*, nr. 34/2001 *Kvörtun vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu við gerð samnings við Hafnarfjarðarbæ um síma- og gagnaflutningsþjónustu* og nr. 7/2001 *Erindi Landssíma Íslands hf. vegna samnings Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur við Línu.net ehf.*

⁸ Sbr. *Notice on the application of EEC competition rules to access agreements in the telecommunications sector* OJ C 265/2, 22. ágúst 1998. Í lið 55 er landfræðilegi markaðurinn í fjarskiptamálum skilgreindur á eftirfarandi hátt: „[...] the relevant geographical market will be the area in which the objective conditions of competition applying to service providers are similar, an competitors are able to offer their services.“

útlanda. Þeir aðilar sem bjóða upp á báðar tegundir þessarar þjónustu í dag eru Landssíminn, Íslandssími og Halló! Lína.Net og Tal eru aðeins á markaði fyrir símtöl til útlanda.

Landssíminn hefur í málum fyrir samkeppnisyfirvöldum verið talinn markaðsráðandi á fjarskiptamarkaðnum.⁹ Að mati samkeppnisráðs verður einnig að líta til þess að íslenska ríkið hafði áður fyrr einkarétt á að eiga og reka almennt fjarskiptanet á Íslandi. Jafnframt hafði íslenska ríkið einkarétt á að veita talsímaþjónustu og annaðist Póst- og símamálastofnun framkvæmd einkaréttarins. Með lögum nr. 103/1996 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Póstur og sími hf. (nú Landssíminn og Íslandspóstur) tók yfir rekstur stofnunarinnar þann 1. janúar 1997. Landssíminn og forverar hans höfðu því um árabíl lögbundna einokun til að veita fjarskiptaþjónustu á Íslandi, eða allt til 1. janúar 1998. Landssíminn hefur því um áratugaskeið haft einokunaraðstöðu í fjarskiptarekstri og hefur í skjóli þeirrar einokunaraðstöðu byggt upp traust fjarskiptakerfi án þess að nokkur samkeppni ríkti.

Auk þessa er Landssíminn eina fyrirtækið sem starfar á öllum sviðum fjarskiptamarkaðarins. Landssíminn er eigandi og rekstraraðili grunnfjarskiptakerfisins og er þar af leiðandi óumflýjanlegur viðskiptavinur keppinauta sinna og hagnast á starfsemi þeirra. Hafa má einnig í huga að í útboðs- og skráningarlýsingu Landssímans, dags. september 2001, er m.a. bent á að fyrirtækið hafi 92% markaðshlutdeild í tengingum við talsímanet og í innanlandssímtölum, 75-80% hlutdeild í millilanda símtölum og 70% í gagnaflutningsþjónustu. Jafnframt skiptir hér máli að fyrirtækið nýtur afar sterkrar fjárhagslegrar stöðu almennt.

Í ljósi framangreinds telur samkeppnisráð engan vafa á því að Landssíminn er enn í yfirburðastöðu á markaði fyrir talsímaþjónustu.

4.

Sátt

Í 17. gr. samkeppnislaga er samkeppnisráð veittar víðtækar heimildir til aðgerða vegna athafna sem brjóta gegn ákvæðum samkeppnislaga, aðstæðna og athafna opinberra aðila sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Aðgerðir samkeppnisráð geta t.d. falið í sér bann, fyrirmæli eða heimildir með skilyrðum. Samkvæmt 18. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda er samkeppnisráði heimilt að ljúka máli með sátt.¹⁰

⁹ Sjá t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. nr. 34/2001 *Kvörtun vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu við gerð samnings við Hafnarfjarðarbæ um síma- og gagnaflutningsþjónustu*, nr. 21/1998 *Breiðband Landssíma Íslands* og nr. 20/2002 *Kvörtun Tals hf. og Íslandssíma hf. vegna hópáskriftar Landssíma Íslands hf.*

¹⁰ Í 18. gr. reglna nr. 922/2001 segir: „*Samkeppnisráði er heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkeppnisstofnun er heimilt að ljúka með sátt málum sem heyra undir stofnunina skv. 3. gr. reglna þessara.*“

Landssíminn hefur ákveðið að leita sáttar í málinu. Viðræður málsaðila hafa leitt til þess að þeir hafa fallist á að Landssímanum verði sett tiltekin skilyrði í þessari ákvörðun. Eins og atvik þessa máls liggja fyrir getur samkeppnisráð fallist á að með setningu þessara skilyrða verði markmiðum samkeppnislaga náð.

Samkvæmt sátt aðila mun Landssíminn láta af beinum markaðsaðgerðum á markaði fyrir talsímaþjónustu. Með beinum markaðsaðgerðum er átt við heimsóknir, símhringingar og/eða sendingu á bréfapósti eða rafpósti til viðskiptavina keppinauta á hinum skilgreinda markaði. Skuldbinding Landssímans verður endurskoðuð í síðasta lagi einu ári eftir birtingu þessarar ákvörðunar til þess að meta hvort aðstæður á markaðnum hafi breyst og staða keppinauta Landssímans styrkst þannig að fella megi ákvæðið úr gildi. Jafnframt mun Landssíminn, eftir að honum berst tilkynning um að einstaklingar hafi fært viðskipti í föstu forvali til keppinauta, eingöngu eiga samskipti við hlutaðeigandi viðskiptavini keppinauta fyrirtækisins sem leiða af áframhaldandi viðskiptatengslum Landssímans við umrædda viðskiptavini, t.d. vegna innheimtu fastagjalds. Að lokum mun Landssíminn ekki setja upplýsingar í viðskiptamannaskrá sína um það hvar fyrrverandi viðskiptavinur kaupir umrædda þjónustu eftir að fyrirtækinu hefur borist tilkynning um að viðskiptavinur fyrirtækisins hafi flutt viðskipti sín til keppinautar fyrirtækisins.

Samkeppnisráð áskilur sér rétt til þess að draga ákvörðun þessa til baka og taka málið upp aftur m.a. ef forsendur fyrir ákvörðuninni breytast eða ef skilyrði þau sem sett eru í ákvörðunarorðum er brotin.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga setur samkeppnisráð Landssíma Íslands hf. eftirfarandi skilyrði sem málsaðilar hafa sæst á:

Landssími Íslands hf. mun ekki beita markaðsaðgerðum, sem hafi það markmið að beina einstökum viðskiptavinum keppinauta Landssímans á einstaklingsmarkaði fyrir talsímaþjónustu aftur í viðskipti við fyrirtækið. Með markaðsaðgerðum er átt við heimsóknir, símhringingar og/eða sendingu á bréfapósti eða rafpósti til viðskiptavina keppinauta á hinum skilgreinda markaði. Þessi skuldbinding skal endurskoðuð í síðasta lagi einu ári eftir birtingu þessarar ákvörðunar í því skyni að meta hvort aðstæður á markaðnum hafi breyst og staða keppinauta Landssímans styrkst þannig að fella megi ákvæðið úr gildi.

Eftir að Landssíma Íslands hf. berst tilkynning um að einstaklingar hafi fært talsímaviðskipti til keppinauta mun Landssíminn eingöngu eiga samskipti við hlutaðeigandi viðskiptavini keppinauta fyrirtækisins sem leiða af áframhaldandi viðskiptatengslum Landssímans við umrædda viðskiptavini, svo sem vegna innheimtu fastagjalds í þeim tilvikum sem um er að ræða fast forval.

Þegar Landssíma Íslands hf. hefur borið tilkynning um að viðskiptavinur fyrirtækisins hafi flutt viðskipti sín til keppinautar fyrirtækisins mun fyrirtækið ekki setja upplýsingar í viðskiptamannaskrá sína um það hvar fyrrverandi viðskiptavinur kaupir umrædda þjónustu.”